

25. júní 2003

1533

Nr. 474

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækja-skrá öðlast gildi 1. júlí 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 25. júní 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

25. júní 2003

Nr. 475

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Sjólandi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Sjólandi í Garðabæ.

Í breytingunni felst að a) tvær lóðir, Strandvegur 2 og Strandvegur 4, 8 og 10, eru sameinaðar í eina lóð og b) þrjár lóðir, Norðurbrú 1 - Norðurbrú 3, 5, Strandvegur 18, 20 og 22 og Strandvegur 12, 14 og 16, eru sameinaðar í eina lóð. Heildarfjöldi íbúða og heildarflatarmál húsa á sameinuðum lóðum verður óbreytt. Skilmálar hverfisins eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 25. júní 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

23. júní 2003

Nr. 476

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/2003 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004.

Á árinu 2004 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2003 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2003 til desember 2003. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2003 og skal vera 5% af tekjuskattstofni umfram 4.089.450 kr. hjá einstaklingi og 8.178.900 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002. Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða ef hann getur sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hefur orðið hjá honum milli árana 2002 og 2003. Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004:

1. gr.

Telji skattaðili að tekjur hans muni lækka verulega á árinu 2003 frá því sem var á árinu 2002 getur hann sent skattstjóra rökstudda umsókn, studda nauðsynlegum gögnum, þar sem